Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

42. tölublað | Þriðjudaginn 29. nóvember | 6. árgangur. | Verð kr. 60.

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Samstaða verkakvenna og verkamanna



Við höfum sagt og segjum það enn: Kvennabarátta er stéttabarátta. Þýðir það, að konur eigi að leggja sín sérstöku baráttumál í salt, heyja stéttabaráttuna til enda og leysa síðan sín vandamál á brautum sósíalismans þegar tími gefst til? Nei, svo einfalt er það nú ekki. Við eigum við það að kvennabaráttan er órjúfanlegur hluti af stéttabaráttunni, mikilvægur hluti, sem ekki má vanrækja.

Konur eru helmingur mannkynsins og þær lúta sömu þjóðfélagslegu lögmálum og hinn hlutinn; þær skiptast í stéttir rétt eins og karlarnir. Þar af leiðandi hafa þær ólíka stéttarhagsmuni. Hver heilvita maður sér að hagsmunir kvenna af borgarastétt og verkalýðsstétt stangast á. Kona atvinnurekandans á meiri samleið með manni sínum en með verkakonum, hún fer ekki að fórna eignum sínum og aðstöðu fyrir þær.

Verkamenn og verkakonur eiga sér sameiginlegan óvin, það er borgarastéttina sem byggir auð sinn á þeirra vinnu. Meinum við að konur í verkalýðsstétt séu ekkert meira kúgaðar en karlar af þeirri stétt? Nei, því höldum við ekki fram, því konurnar eru ekki bara kúgaðar sem hluti af verkalýðsstéttinni sem er í heild kúguð af borgarastéttinni og ríkisvaldi hennar. Þær eru auk þess kúgaðar kynferðislega þær eru ókeypis vinnuafl á heimilinum. Þær vinna ekki aðeins fyrir auðstéttina á sínum vinnustað heldur líka óbeint á heimilunum þar sem þær ala upp nýja kynslóð framleiðsluþegna. Það er nauðsynlegur hluti af kapítalísku þjóðfélagi að hafa ókeypis vinnuafl á heimilunum til að sjá um fjölskyldurnar, "hornsteina þjóðfélagsins". En það getur líka komið sér vel fyrir kapítalistana að fá konurnar út í atvinnulífið "til að bjarga verðmætunum". Þá eru þær hvattar til að taka þátt í framleiðslunni, en þegar minna er að gera heitir það að "vanrækja börnin og heimilið" að vinna úti. Þannig notar auðvaldið verkakonur sem varalið sem hægt

FRAMHALD Á SÍÐU 2.

Þak yfir höfuðið

Þjóðfélagskerfið sem við Íslendingar búum við krefst þess af þegnum sínum að langflestir komi sér upp þaki yfir höfuðið. Þeirra sem ekki búa í eigin íbúð bíður aðeins öryggisleysi leigjandans, tíð og kostnaðarsöm bústaðaskipti og nagandi kvíði yfir því hvort takast muni að útvega nýtt húsnæði fyrir fjölskylduna áður en næst þarf að rýma. Þetta er sú ímynd hins ógæfusama leigjanda sem allir þekkja. Vissulega eru þó til þeir leigjendur, sem greiða sanngjarna leigu fyrir sæmilega íbúð, sem þeir geta haldið svo árum skiptir. En slík tilfelli teljast til undantekninga og það einasta sem þau sanna er að húsaleiguokrið í landinu er gífurlegt. - Okur sem berjast þarf af alefli gegn.

Flest launafólk sem á annað borð hefur sig út í að byggja eða kaupa þekkir þá erfiðleika og vinnuálag sem því er fylgjandi. En að byggja eða kaupa er svo gott sem eina leiðin sem völ er á fyrir fólk sem er að hefja búskap, flytjast milli byggðarlaga eða slá botn í eilíf bústaðaskipti. Þrátt fyrir margítrekuð loforð ríkisvaldsins og jafnvel beina samninga um byggingu verkamannabústaða um land allt, sem launafólk geti keypt, eða leigt, með góðum kjörum, hafa enn sem komið er ekki verið byggðar nema fáar íbúðir á þann hátt, miðað við þörfina.

Á meðan málum er svo komið er enn verið að ganga á hlut húsbyggjenda og þeim gert stöðugt erfiðara um vik. Í sjónvarpsþættinum Kastljós var nýlega tekin fyrir staða húsbyggjandans í verðbólguþjóðfélaginu. Goðsögnin um að "öll græðum við nú á verðbólgunni og húsbyggjendur mest" beið þar alvarlegan hnekki. Á meðan byggingarfélög og fasteignabraskarar bindast samtökum um að spenna íbúðaverð upp úr öllu valdi minnkaði verðgildi fastra lána, þ.e. Húsnæðismálastjórnarláns og lífeyrissjóðslána stöðugt, á árabilinu frá 1970-1976. Í þættinum kom fram, að 1970 þurfti íbúðarbyggjandi að leggja sjálfur fram um þriðjung íbúðaverðsins - föstu lánin námu um 70% af andvirðinu. Árið 1976 höfðu algjörlega verið höfð endaskipti á hlutunum. Nú verður húsbyggjandinn að útvega um 70% af byggingarkostnaði með víxlum og skyndilánum í bönkum og sparisjóðum, sem vel að merkja hafa dregið mjög úr útlánum til almennings. Á það ber einnig að líta, að um 1970 var verðbólgan öllu minni en nú er. Innlánsvextir banka héldu vitaskuld ekki þá fremur en nú í verðbólguskrattann.

FRAMHALD Á SÍÐU 2.



Öll þurfum við þak yfir höfuðið.
Sífellt verður erfiðara fyrir verkafólk að eignast eigið húsnæði.

Hin tíu megintengsl
sjá bls. 3

Hvaða flokkur er verkalýðsflokkur
sjá baksíðu

Dagsbrúnarfundur

Kosið á þing Verkamannasambandsins

Síðasta sunnudag, komu Dagsbrúnarmenn saman á félagsfundi í Iðnó, til að ræða og taka ákvörðun um þrjú mál er voru á dagskrá fundarins. Upp úr tvö er menn voru búnir að spjalla saman og þiggja í nefið hvor hjá öðrum, hófst fundur með ávarpi Eðvarðs Sigurðssonar. Frekar fátt var á fundinum, þrátt fyrir að tæpir fimm mánuðir séu liðnir frá síðasta fundi, er samningarnir voru samþykktir á. En allt um það, félagsmál voru fyrst á dagskrá og hafði Halldór Björnsson framsögu af hálfu stjórnarinnar. Ræddi hann eingöngu um fyrirkomulag innheimtu félagsgjaldanna, en eins og verkamenn þekkja, greiða þeir 1,2% dagvinnutekna til Dagsbrúnar.

Síðan var kosning á fulltrúum Dagsbrúnar á þing Verkamannasambands Íslands, er haldið verður nú í lok vikunnar. Kosnir voru 19 aðalfulltrúar og jafnmargir til vara, en hver fulltrúi hefur 200 verkamenn á bak við sig. Aðeins kom fram einn listi, listi stjórnar og trúnaðarmannaráðs og var hann samþykktur einróma. Tveir Dagsbrúnarmenn sem eru í Kommúnistaflokki Íslands, voru á listanum, auk eins varafulltrúa. Það vakti athygli fundarmanna, er ungur piltur, sem ekki hefur áður setið fundi í Dagsbrún, bar upp þá fyrirspurn úr sæti sínu hvort Dagsbrúnarstjórnin væri ekki að kaupa köttinn í sekknum, með því að setja Sigurð Jón Ólafsson og Benedikt Kristjánsson á lista stjórnarinnar, og þar með sem fulltrúa á Verkamannasambandsþingið. Því var til svarað af Guðmundi J. Guðmundssyni að hann vissi hvers kyns ófreskjur hann hefði í pokahorninu, en þessir menn hefðu tekið virkan þátt í starfi Dagsbrúnar í áraraðir og væru því verðir þess að fara á þingið.

Atlögu þessa unga pilts, sem er félagi í EIK(m-l), var síðan hrundið, er verkamenn klöppuðu fyrir þeim fulltrúum

framhald á síðu 2.

LEIÐARI

Fullveldið 59 ára

Þann 1. desember eru 59 ár liðin síðan Ísland varð fullvalda ríki. Það má segja sem svo að 1. desember 1918 hafi táknað fullnaðar sigur íslensku borgarastéttarinnar í baráttu hennar fyrir sjálfráðarétti. Ástæða þess að þetta gerðist án vopnaðra átaka og tiltölulega hljóðlega er vafalaust það heppilega ástand sem skapast hafði í heiminum. Fyrsta heimsstríðið var á enda og rússneska byltingin vakti nýja von og frelsisþrá meðal kúgaðrar alþýðu heimsins. Dönsk heimsvaldastefna gat ekki staðið gegn kröfu íslendinga um fullveldi á sama hátt og áður var gert. Hún hafði nóg með sín innri vandamál og einnig var íslenska borgarastéttin of sterk. Allt frá þessum merku tímamótum í íslenskri sögu hefur staðið barátta um verndun frelsis og sjálfráðaréttar þjóðarinnar. Í megindráttum hafa tvær afstöður og tvö þjóðfélagsöfl að baki þeirra tekist á. Önnur afstaðan er hvað skýrust í Aronsku nútímans. Þetta er afstaða auðstéttarinnar sem selja vill sjálfráðaréttinn í hendur hæstbjóðanda. Þetta er afstaðan sem vill hersetið land um aldur og ævi aðeins með einu skilyrði og það er, að þeir sjálfir geti grætt á hersetunni. Afstaða auðstéttarinnar er svik við íslenska alþýðu og varpar henni í klær risaveldanna tveggja USA og USSR. Þessi afstaða miðar að því að hlekkja íslenska alþýðu í fjötra erlendra auðhringa. Þeir sem hana verja eru því landráðamenn.

Hin afstaðan er eign verkalýðs og vinnandi alþýðu Íslands. Hún á sér í gegnum áratugina hvað skeleggasta talsmenn meðal íslenskra kommúnista og er svo enn í dag. Þessi afstaða setur sér það verkefni að losa landið við hersetuna og einnig úr hernaðarbandalögum heimsvaldastefnunnar svo sem NATO. Þessi afstaða er gegn auknum ítökum erlendra auðhringa hér á landi. Og hún mótmælir allri heimsvalda- og drottnunarstefnu hvar og hvenær sem hún birtist í heiminum. Þess vegna setur hún sig í órofa andstöðu við stríðsundirbúning risaveldanna USA og USSR. Þess vegna styður hún baráttu þriðja heimsins fyrir sjálfræði og frelsi gegn heimsvaldastefnunni og sósíalheimsvaldastefnunni. Þeir sem þessa afstöðu verja eru því sannir föðurlandsvinir.

Fullveldishátíðin var haldin hátíðleg um allt land sem aðalhátíð þjóðarinnar allt fram til 1944 en þá tók lýðveldishátíðin 17. júní við því hlutverki Breytingin er vafalaust gerð í virðingarskyni við Jón Sigurðsson forseta þar sem afmæli hans ber upp á 17. júní Þannig varð þetta til þess að minningin um 1. desember var ekki hafin til vegs nema hvað stúdentar tóku daginn upp á sína arma og hefur það tíðkast allt til dagsins í dag. Nú á allra seinust árum hafa þessi hátíðahöld verið í höndum vinstrisinnaðra stúdenta og málefni dagsins, sem hann er helgaður hverju sinni, fengið róttækan blæ. Þessari þróun ber að fagna þó ekki sé nema sökum þess að þennan dag fá stúdentar einstakt tækifæri í fjölmiðlum að koma boðskapnum til almennings í landinu.

Í ár hafa vinstri stúdentar helgað 1. desember **baráttu kvenna fyrir jafnrétti. Það er enginn vafi að þessi og undanfarnar dagskrár vinstri stúdenta hafa haft talsverð jákvæð áhrif á pólitískar umræður í þjóðfélaginu. Þess vegna er nú sem fyrr nauðsyn á að skapa órofa samstöðu vinstristúdenta um málefni dagsins. Það er því von að landráðamenn þessa lands noti öll meðöl til að framkvæma tilræði sitt við það tækifæri sem vinstristúdentar hafa hingað til notið í fjölmiðlum. Slík starfsemi er undirlægjuháttur við erlent auðvald.**

Við skorum því á alla sanna föðurlandsvini að fjölmenna á 1. desember hátíð vinstristúdenta og sanna með því að samstaðan er órofa.

Ísland fyrir verkalýð og vinnandi alþýðu.

26/11 1977.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Samstaða

er að kalla út og senda heim eftir þörfum.

Þetta hefur í för með sér að konur hafa lítið atvinnuöryggi og þar af leiðandi ekkert fjárhagslegt öryggi. Til þess að styrkja þetta skipulag sitt notar borgarastéttin eins og allar valdastéttir áróður. Einn mikilvægast punkturinn í áróðri þeirra fyrir kúgun kvenna er það að hefja móðurhlutverkið upp til skýjanna sem helsta hlutverk kvenna. Samkvæmt þessum áróðri er móðirin sú eina sem er fær um að veita barninu þá ástúð og blíðu sem það þarfnast, án hennar eiga börnin óhjákvæmilega að vera óhamingjusöm. Það er því í raun talinn algjör glæpur að "henda börnunum á barnaheimili" og fara út að vinna, svo ekki sé nú minnst á hinar hræðilegu mæður "lyklabarnanna". Þannig er móðurhlutverkið notað til að vekja upp minnimáttarkennd og samviskubit meðal verkakvenna sem oftast verða að vinna af fjárhagslegum ástæðum. Börnin eru notuð sem fjötur á mæðurnar. Þetta þjóðfélag neyðir stóran hluta kvenna til að vinna úti án þess að gera þeim það á nokkurn hátt kleyft.

Barnaheimili, dagheimili og önnur aðstaða fyrir börn og unglinga er alltof lítil. Auk þess að bera mesta ábyrgð á börnunum bíða heimilisstörfin kvennanna, þegar þær koma heim. En er þá ekki bara betra að þær haldi sig heima? Nei, því auk þess sem það gerir þær algjörlega háðar eiginmanninum fjárhagslega einangrar það þær og slitur þær úr tengslum við umheiminn. Fyrir nú utan það að það er nauðsynlegt fyrir margar fjölskyldur að bæði hjónin vinni úti. Þar að auki eru það sjálfsögð mannréttindi að fá að velja sér vinnu sjálf.

Við sjáum því að brýnustu hagsmunamál kvenna varða sjálfstæði þeirra, þ.e. barátta fyrir atvinnulegu jafnrétti og barátta gegn öllum kúgandi hugmyndum um konuna. Með atvinnulegu jafnrétti eigum við meðal annars við jafnrétti í starfsvali, jafnrétti til launa, næga og ókeypis dagvistun og fullt fæðingarorlof fyrir báða foreldra. Við megum heldur ekki sætta okkur við þær hugmyndir sem gera konuna að kyntákni einu saman, við verðum að berjast gegn þeim röngu hugmyndum um konur, sem auglýsingaheimurinn innrætir okkur. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að hin slétta, fellda, ilmandi, granna, pena og vel klædda kvenímynd borgaranna, hún er ekki manneskja. Hún er aðeins gróðalind sem sést best á þeim gífurlegu upphæðum sem eytt er í snyrti- og tískuvörur. Henni er haldið svo fast að okkur að það fer ekki hjá því að við eyðum töluverðum tíma annað hvort í að lifa eftir henni eða ergja okkur á henni. En það er ekki nóg að ergja sig yfir henni, við verðum að sjá í gegnum hana og afhjúpa hana.

Það er greinilegt að baráttan fyrir jafnrétti kynjanna hefur margar hliðar og hana verður að heyja á mörgum vígstöðvum; gegn þjónustuhlutverkinu á heimilunum, gegn öryggisleysinu og lágu laununum og vinnumarkaðinum og gegn fölskum og kúgandi hugmyndum um konur hvar sem er í þjóðfélaginu. En í þessari baráttu verðum við að gera okkur fulla grein fyrir því að í dag búum við í þjóðfélagi sem byggist á arðráni og misrétti, og kúgun kvenna er einn af hornsteinum þess. Til þess að öðlast jafnrétti verðum við því að uppræta misréttið og kollvarpa því.

Í þessari baráttu er höfuðandstæðingur okkar þau öfl sem valda og viðhalda kúguninni - auðvaldið, en samherjar okkar eru þeir sem vilja berjast gegn misréttinu.

framhald af forsíðu.

Dagsbrúnarfundur

sem áður höfðu verið kosnir einróma. Ásmundur Stefánsson steig síðan í pontu og skýrði rækilega út þróun kaupmáttar verkamannalauna, síðan 1970. Var það vel, en þó verður að segjast eins og er að "kökukenningin", sem gengur út á það að launþegar hafi aðeins ákveðna upphæð peninga frá atvinnurekendum, til að skipta á milli sín, tröll reið málflutningi Ásmundar. Því var nefnilega sleppt, sem mikilvægast er, að atvinnurekendur byggja tilveru sína á að arðræna verkafólk, en ekki eins og Ásmundur lét á sér skilja, að þjóðarframleiðslan á hverjum tíma ákvarðaði hve miklu launþegar hefðu úr að spila. Margar góðar fyrirspurnir voru úr salnum, en fundarstjóri gaf ekki nægan tíma til þess að þeim yrðu gerð góð skil. Í lok fundarins, er dagskrá hafði verið tæmd, var samþykkt ályktun um að verkalýðshreyfingin myndi berjast af fullri hörku gegn því að ríkisstjórnin skerti kaupmátt launanna eins og nýjustu hækkanir á rafmagni og hita væru tilraun til. Þessum félagsfundi var síðan lokið laust fyrir kl. 5 og vekur það athygli hve skamman tíma hann tók. Það er von til að næsti félagsfundur verði haldinn í kjölfar Verkamannasambandsþingsins, fyrir áramót. Þá ríður á að verkamenn mæti vel, því þau mál sem tekin verða fyrir, verða m.a. niðurstöður þingsins.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud 15-18,30

● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti 23.

● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.

● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.

● Ísafjörður: Kristinn Karlsson. Fjarðarstræti 7.

● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum 38.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.

● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.

Laugarvatn: Einar Jónsson Menntaskólanum Laugarvatni.

● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v. 444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.

● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218. 222 46 Lund.



ÚR BARÁTTUNNI

FYRIRKOMULAG KOSNINGA Í BSRB.

Í kosningum BSRB tóku nú þátt 67%, en um 90% í kosningunum í okt. Þetta áhugaleysi sýnir glögglega hvað hinir nýju samningar eru lélegir. En þetta bendir líka á aðra hættu. Til að fella sáttatilboð þarf 50% þátttöku og af þeim þarf meirihlutinn að vera á móti. Það þýddi að ef kosningar væru ekki vel auglýstar, gætu samningar orðið samþykktir vegna ónógrar þátttöku Þessu er hægt að berjast gegn á ýmsan hátt. T.d. væri hægt að fá það í lög, að farið yrði með tilbúna lista og kosningagögn á vinnustaði og kosið þar á ákveðnum tíma, en þeir sem ekki væru við gætu komið á skrifstofu félagsins. Þetta yrð að vera lögbundið vegna þess að ríkisstjórnin stjórnar kosningum um sáttatillögu. Önnur og betri leið væri sú, að lög BSRB giltu um atkvæðagreiðslur, þ.e. einfaldur meirihluti ræður.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Þak yfir höfuðið

Eigi að síður rýrnuðu bankainnistæður ekki hraðar en það að það taldist til fyrirhyggju að öngla saman nokkru fé og setja inn á bók áður en hafist var handa. Sá sem reyndi slíkt í dag myndi fljótlega verða reynslunni ríkari. Þá var Húsnæðismálastjórnarlánið þriðjungur af kaupverði, en hangir nú í fimmtung, og lífeyrissjóðslán flestra sjóða eru ekki svipur hjá því sem áður var.

Hvað veldur því að lífeyrissjóðirnir eru orðnir jafn aumir og raun ber vitni? Fjölgun lána og aukning á lífeyrissjóðsgreiðslum eru þar léttvægustu orsakirnar. Ákvörðun ríkisvaldsins um að skylda sjóðina til að lána sér stórar fjárfúlgur til langs tíma og með lágum vöxtum hefur ásamt óðaverðbólgunni veikt sjóðina mest. Til að bæta gráu ofan á svart hafa einstakar sjóðsstjórnir lánað stórfé til atvinnurekenda. Bygging húss verslunarinnar er m.a. fjármögnuð með 500 milljón króna láni úr lífeyrissjóði verslunarmanna, svo aðeins eitt dæmi sé nefnt.

Þegar sagt er að verðbólgan borgi niður launin og geri mönnum þannig kleift að eignast eigið húsnæði er því aðeins sagður hálfur sannleikurinn - og tæplega það. Því ef ríkisvaldið hefði ekki ráðist á sjálfa lífeyrissjóðina og ef verðbólgubálið hefði ekki logað jafn glatt Því er það napur sannleikur að allt launafólk tapar á verðbólgunni. Fasteignabraskararnir, eigendur byggingafélaga heildsalarnir og viðlíka þý eru þeir einustu sem hafa hagnast á áhrifum verðbólgubálsins á húsnæðismarkaðinn. Og þeir hafa dafnað vel. Og meðal annarra orða: Hvað skyldi 10% hækkun verslunarálagningar koma til með að kosta almennan húsbyggjanda í dag? - og raun ber vitni þá hefði launafólk nú miklu sterkari lífeyrissjóði. Þá næmu langtímalán 70-80% af andvirði alls almenns íbúðahúsnæðis.

Prófkjör og borgaralegt lýðræði

Dufþakur


Fólk fer almennt ekki varhluta af því þessa dagana að kosningar eru í nánd. Blöðin eru uppfull af upplýsingum frambjóðendur og viðtölum við þá og póstkassarnir troðfyllast af alls kyns áróðurspésum, er innihalda afrekaskrá einhvers frambjóðandans, sýnishorn af prófkjörsatkvæðaseðli o.s.fvr. Það er engu líkara en verið sé að kjósa um menn en ekki málefni.

Prófkjör eru eitt aðalumræðuefnið í yfirstandandi kosningaherferð stjórnmálaflokkanna. Það er einkum Alþýðuflokkurinn, sem hefur verið iðinn við þess háttar áróðursstarfssemi. Eins og menn rekur vafalaust minni til, galt sá flokkur hroðalegt afhroð í síðustu kosningum. Til einhverra ráða varð því að grípa ef flokkurinn átti að auka vinsældir sínar. Það var ekki ætlun forystumanna flokksins að snúa við blaðinu og berjast fyrir málefnum alþýðufólks, eins og hann var í upphafi stofnaður til. Nei, pólitík þessa fyrrverandi jafnaðar mannaflokks var fyrir löngu útþynnt og einskis virði nema fyrir bitlingasnata innan hans. Þvert á móti virðist það vera stefna flokksins að rjúfa síðustu veiku tengslin við verkalýðshreyfinguna og vera það sem kallað er því fína nafni "óháður". Fyrirmyndin að þessu brambolti Alþýðuflokksins til aukinna vinsælda er sótt alla leið vesur til bandarísks "lýðræðis", sem hvað lengst hefur gengið í því að fótumtroða allt sem telja mætti til jafnaðarstefnu. Nú á að slá sig til riddara með opnu prófkjöri, þar sem jafnvel utanflokksmenn geta haft áhrif á val frambjóðenda- allt til að sýna hina óskaplegu lýðræðisást flokksins. Þannig á að vera hægt að fá ný andlit inn í alþingishúsið. Málefnin verðast hins vegar gleymd og grafin eða skipta alla vega minna máli. Prófkjör Alþýðuflokksins er aðeins sönnun þess, hversu sá flokkur er kominn langt frá upphaflegu markmiði sínu, þ.e. að berjast fyrir hagsmunum alþýðustéttanna.

Prófkjörsfarganið sýnir líka aðra hlið á málinu sem ekki er síður vert að gefa gaum að. Nefnilega að efla trúna á borgaralegt lýðræði og þingræði. Kommúnistar hafa ævinlega litið svo á, að borgaralegt lýðræði sé í raun og veru aðeins lýðræði fyrir þá fáu, sem fara með völdin í þjóðfélaginu til að láta hinn vinnandi lýð þræla fyrir sigmyrkranna á milli og háttvirt alþingi sé ekkert annað en kjaftasamkunda, lýðræðisgríma, en engin raunveruleg valdastofnun. Verkamaðurinn á alltaf undir högg að sækja í þessu þjóðfélagi. Atvinna hans er ótrygg og þar af leiðandi húseignin, sem hann verður að vera borgunarmaður fyrir Það skiptir ekki máli, þó honum sé gefinn kostur á því að velja þennan eða hinn bitlingasnatann til setu á alþingi, því eins og Marx komst að orði einhverju sinni, þá felst kosningaréttur verkalýðsins aðeins í því að velja þennan eða hinn böðulinn til að fara með stjórn landsins á nokkurra ára fresti

Prófkjörsfarganið er þannig tilvalin andlitsupplyfting fyrir þingmenninaog það traust sem borgaralegu flokkarnir reyna að koma til leiðar meðal alþýðufólks á mátt lýðræðisins. Kommúnistar verða því að taka þátt í þessum kosningum til að afhjúpa þetta loddarabragð þingflokkanna og sýna fram á raunverulegt eðli borgaralegs lýðræðis og þingræðis.

Dufþakur.



SENDINEFND FRÁ K.Í.M. Í KÍNA.

Í fréttaskeyti frá Hsinhua News í Peking, 8. nóv., segir frá því að Wang Chen varaforseti ríkisráðsins, hafi tekið á móti sendinefnd frá Kínversk íslenska menningarfélaginu, undir forystu Arnþórs Helgasonar.

Wang Chen átti viðræður við alla félaga sendinefndarinnar. Hann þakkaði Arnþóri og öðrum vinum í sendinefnd KÍM, fyrir að efla vináttu og skilning kínversku og íslensku þjóðarinnar.

Arnþór afhenti Wang Chen eintak af nýútkominni íslenskri þýðingu á Ljóðmælum Maós formanns. Ljóðin voru gefin út í minningu þess að eitt ár er liðið frá dauða Maó Tsetung

Sendinefndin hefur ferðast víða um Kína og er nýlega komin heim.



Hin tíu megintengsl

eftir Mao Tse-tung

"Hin tíu megin tengsl" flutti félagi Maó Tse-tung upphaflega sem ræðu á fundi pólitískrar framkvæmdanefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína 25. apríl 1956.

Með því að birta ræðuna sem greinaflokk vill Stéttabaráttan gefa lesendum sínum tækifæri til að kynnast nánar þessum mikla leiðtoga kínversku þjóðarinnar

Hér dregur Maó Tse-tung saman reynslu Kínverja sjálfra sem og einnig reynsluna af Sovétríkjunum í sósíalískri byltingu og sósíalískri uppbyggingu. Á meistaralegan hátt dregur hann þetta saman í "tíu megin tengsl" og setur fram hugmyndir sem eru undirstaðan í stefnu sem lögð er til grundvallar í að byggja sósíalismann með stórstígari, hraðari, betri og meiri efnahagslegum árangri, stefna sem fellur að aðstæðum í Kína.

Stéttabaráttan er einnig sannfærð um að lesendur blaðsins geti marga lærdóma dregið af lestri þessa greinaflokks til brúks í eigin starfi að íslensku byltingunni.

Mao Tse-tung

II.

TENGSLIN MILLI IÐNAÐAR Í STRANDHÉRUÐUM OG IÐNAÐAR Í INNSVEITUM.

Fyrr á tímum var iðnaður vor einkum staðsettur í strandhéruðum. Með strandhéruðum á ég við Liaoning Hopei, Peking, Tientsin, Fukien, Kwangtung og Kwangsi. Um það bil 70% af öllum iðnaði okkar, léttum sem þungum, er staðsettur í strandhéruðum og aðeins 30% í innsveitum. Þessi óskynsamlega tilhögun á sér sögulegar rætur. Iðnaðarsvæðin í strandhéruðunum þarf að nýta til hins ýtrasta, en til þess að jafna dreifingu iðnaðarins í þróun hans, verðum við að leitast við að örva iðnað í innsveitunum. Í tengslum þessara tveggja, höfum við ekki gert meiriháttar mistök. Samt sem áður höfum við vanmetið iðnaðinn í strandhéruðunum að vissu marki á undanförnum árum, og ekki veitt þróun hans nægilega athygli. Þessu verður að breyta. Fyrr á tímum var barist í Kóreu og heimsástandið var þrungið töluverðri spennu; þetta hlaut að hafa áhrif á afstöðu okkar til iðnaðar í strandhéruðunum. Nú virðist nýtt árásarstríð gegn Kína eða ný heimsstyrjöld ekki vera í vændum í bráð, og friðartímabilið mun líklega vara í áratug eða meira. Það væri því rangt, ef við nýttum samt ekki að fullu framleiðslugetu og tækniöfl strandhéraðanna. Ef við höfum 5 ára tíma, hvað þá tíu ár, ættum við samt að vinna að atorku við uppbyggingu iðnaðar í strandhéruðum í 4 ár og yfirgefa þau síðan er stríðið bryst út hið 5. árið. Skv. fáanlegum upplýsingum, er verksmiðjubygging í léttum iðnaði og fjármagnsaukning hennar venjulega allhröð. Verksmiðja sem að fullu hefur framleiðslu, getur skapað nægt fjármagn á 4 árum til þess að reisa 3 nýjar verksmiðjur eða 2, eða eina eða alla vega hálfa og endurheimt eigin fjárfestingu að auki. Hvers vegna skyldum við ekki framkvæma svo arðbæra starfsemi? Að halda að atómsprengjan sé þegar yfir höfðum okkar og í þann veginn að falla á okkur í næstu andrá, er útreikningur sem ekki stenst próf raunveruleikans. Og það væri rangt að taka neikvæða afstöðu til iðnaðar í strandhéruðum af þessum sökum.

Af þessu leiðir þó ekki að reisa skuli allar nýjar verksmiðjur í strandhéruðum. Án efa, er rétt að staðsetja meirihluta hins nýja iðnaðar í innsveitunum til þess að jafna dreifingu iðnaðarins stig af stigi þar að auki kemur það að gagni við undirbúning okkar gegn stríðinu. En nokkrar nýjar verksmiðjur og námur, jafnvel nokkrar stórar, má líka reisa í strandhéruðunum. Hvað varðar útþenslu og endurbyggingu létta- og þungaiðnaðar sem fyrir er í strandhéruðunum, höfum við fram að þessu áorkað töluverðu og munum stórauka það í framtíðinni.

Ef við hagnýtum vel og eflum framleiðslugetu gömlu iðnaðarfyrirtækjanna í strandhéruðunum, verðum við þeim mun betur í stakkinn búnir til að örva og styðja iðnað í innsveitunum. Að taka hér neikvæða afstöðu myndi hindra hraðan vöxt hins síðarnefnda. Þannig er þetta einnig spursmál um hvort viljinn til að efla iðnaðinn í innsveitunum, er heilsteyptur eða ekki. Ef hann er heilsteyptur og ekki íholur, verðum við að nýta og örva iðnaðinn í strandhéruðum á virkari hátt, sérstaklega léttaiðnaðinn.

FRAMHALD AF BAKSÍÐU

Heimsvaldasinnar reyna að sundra samstöðu araba

menn köllum hlutina, þá breytir það ekki eðli þeirra. Það tekst aldrei til lengdar að undiroka heila þjóð. Hversu mjög sem menn dreymir dagdrauma um lausn mála, þar sem engir Palestínumenn eru til, þá tekst aldrei að leysa vandann, nema með því að horfast í augu við veruleikann:- tilveru palestínsku þjóðarinnar.

Á sama tíma og Sadat friðmælist í Ísrael, þá hafa síonistar ekki hvikað frá yfirgangi sínum gagnvart Palestínumönnum. Þeir snúast gegn stofnun Palestínuríkis og neita að viðurkenna PLO heildarsamtök Palestínumanna og kalla þau hryðjuverkasamtök. Kannski er palestínska þjóðin líka hryðjuverkaþjóð?. Nýlega gerði ísraelski herinn harðar loftárásir á Suður Líbanon og féll þar fjöldi óbreyttra borgara og fjölmargir aðrir særðust. Þessi fjöldamorð Ísraelsmanna kalla þeir hefndarað gerðir gegn drápi á þrem hermönnum. Jafnt á komið?...

Árásir þessar sýna að síonistar hafa í engu ætlað sér tilslakanir gagnvart aröbum. Friðmæling þeirra við Egypta og yfirlýsingar um vilja til viðræðna við önnur arabaríki, eru til þess að fá þessi ríki til þess að halda að sér höndum þegar síonistar hefjast handa við að láta þann draum sinn rætast að engin palestínsk þjóð verði til.

"Friðaviðræður" Sadats og Begins, eru fyrsta skrefið í átt til blóðugra átaka fyrir botni Miðjarðarhafs.

Af fjölmiðlum

TÍSKAN

Nýlega sýndi sjónvarpið mynd um tískuna í Frakklandi. Má þessi mynd teljast í flokki þess efnis menningarlega uppfyllingarefnis, sem fær fólk til að slökkva á sjónvarpinu. Ljóst er að stjórnendur sjónvarpsdagskrár, hljóta jafnframt að vera undirróðursmenn "frjáls útvarpsreksturs", því auðvitað vill fólk eiga kost á betra efni en slíku sem þessu. Vegna þess að meirihluti fólks hefur eflaust ekki fylgst með þessum þætti, þá vill Stéttabaráttan hér með upplýsa lesendur sína um heimspeki tískuheimsins. Eftirfarandi er tekið beint upp úr fyrrgreindum þætti.

Hönnun hátískufatnaðar er alls ekki iðngrein heldur listgrein. Þessi listgrein nýtur ævafornrar virðingar alls staðar í heiminum, nema þar sem þjóðfélagskerfið setur hugmyndaflugi og sköpunargáfu fólks mjög þröngar skorður. Hátískan gefur fólki kost á að tjá sig með fjölbreytilegum og glæsilegum klæðaburði. Batnandi lífskjör (sem í sjálfu sér eru góðra gjalda verð), og fjöldaframleiðsla, gefa nú almenningi kost á að klæðast eftirlíkingu af hátískunni. Því miður hefur þetta jafnframt orðið til þess að hátískufötin missa að nokkru gildi sitt, sem er að gefa því fólki sem klæðist þeim, kost á að bera af almúganum eins og sólin. Konur eru mjög bundnar af tískunni og er dýr fatnaður, eitt helsta stöðutákn kvenna. Karlmenn eru aftur á móti ekki eins háðir tískunni, enda eru stöðutákn þeirra fremur, stór bíll og glæsilega búin eigin kona. Að lokum skal endurtekið (eins og enduetekið var í myndinni), að það vantar meiri örbirgð til að hátískan fái notið sín!!

101-R



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
42. tbl. 29.11. 1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17?
101 R



Kauphækkun í Kína

1. okt. sl. hækkuðu laun til um 46% verkamanna og starfs fólks í Kína. Meðal þeirra eru iðnverkafólk, verkafólk og starfslið í verslunar- og þjónustugreinum, kennarar, starfs fólk við vísindi, tækni, heilbrigðisþjónustu, bókmenntir og listir og ríkisstarfsmenn.

Kauphækkunin þetta ár, varð möguleg vegna hinnar hröðu endurreisnar efnahagslífsins eftir fall "fjórmenninganna". Það hefur alltaf verið stefna Kínverja að hækka lífsstandard fólksins og hækka launin á grundvelli aukinnar framleiðsl Gegn þessari stefnu í framkvæmd snerust "fjórmenningarnir" á undanförnum árum. Eftir kauphækkunina 1971, ákváðu miðstjórn flokksins og ríkisráðið, árið 1974, að hækka laun til hluta verkafólks og starfsfólks. Með áhrifastöð um innan flokksins og margra stjórnarstofnana, tókst "fjórmenningunum" að koma efna hag landsins í kyrrstöðu. Þetta gerði það ókleyft að hækka launin og bæta lífsskilyrðin. Stjórnin varð því að falla frá áætlunum sínum. Árið 1975, var boðað til landsráðstefnu um launamál, í nýrri tilraun til að ná fram kauphækkunum. "Fjórmenningarnir" snerust harkalega gegn ráðstefnunni og leystist hún upp. Eftir fall "fjórmenninganna", ákvað mið stjórn flokksins undir forystu Hua formanns, að boða til nýrrar ráðstefnu í júlí þetta ár. Þar var stefnan í launamálum ákveðin.

Hækkun launa er aðeins ein aðferðin við að bæta lífsskilyrðin. Í Kína er einnig ókeypis heilsugæsla, góðar tryggingar, og lágt og stöðugt verðlag. Sérstaklega er verðið lágt á nauðsynjavörum. Samt eru launin lág í Kína. En af því þar eru engir skattar, lágt verðlag á helstu vörum og þjónustu og fleiri vinnandi menn í hverri fjölskyldu, þá fara lífsskilyrði fólksins nú mjög batnandi.

Maó formaður og kínverska byltingin höfðu á síðustu árum hlotið viðurkenningu um allan heim, sem lýsandi fordæmi alþýðu heimsins. Það var því svo sannarlega kátt í höll borgarastéttarinnar, þegar Maó formaður dó. Nú skyldi sko aldeilis nota tækifærið til að ráðast á hið sósíalíska Kína. Fæstir voga sér að ráðast á stefnu Maós formanns. Því er ráðist á eftirmenn hans og þeir sakaðir um svik við stefnu hans.

ÁB skrifar í Þjóðviljann 13. nóv. og er áhyggjufullur mjög yfir að Kínverjar séu nú farnir að stunda eftirsókn eftir vindi, svo sem sjónvarpi. Þótt sjónvsrpið hér sé kallað imbakassi, þá flytur kínverska sjónvarpið bæði menningar og fræðsluefni, auk þess er það yfirleitt ekki í eign einnar fjölskyldu, enn sem komið er a.m.k.. ÁB telur það líka virðingarvert að "fjórmenningarnir" hafi "viðurkennt í verki að kjaraskipting og forréttindi séu vandamál...". Ekki þótti kínverskri alþýðu virðingarvert hvernig þeir tóku á því máli. En ÁB er lífsreyndur maður eftir margan skell af að verja stefnu Rússa, svo hann lætur ekki Kínverja segja sér hvernig málin standi þar austurfrá.

Hvaða flokkur er verkalýðsflokkur

Milli Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins fer nú fram hatrömm atkvæðabarátta. Stóryrtar yfirlýsingar og afhjúpanir fjúka á báða bóga, en þó er yfirlýst takmark beggja að koma á lýðræðislegum sósíalisma. Báðir þessir flokkar reyna að sýna fram á, að það eina sem getur tryggt kaup mátt launa, leyst verðbólguvandann, komið á "atvinnulýðræði", og jafnvel afnumið einkaeignarréttinn á framleiðslutækjunum, sé að þeirra eigin forkólfar vermi ráðherrastólana næsta kjörtímabil. Hvor um sig reyna þeir að öngla sér í atkvæði frá hægri, en verða um leið að varast að tapa ekki atkvæðum frá vinstri. (Hugtökin hægri og vinstri eru afstæð í þessu sambandi en í daglegu tali eru mörkin milli þeirra dregin þannig að til hægri eru Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkurinn en til vinstri þeir flokkar sem eingöngu höfða til alþýðunnar). Í málgögnum þessara flokka, Þjóðviljanum og Alþýðublaðinu, er birt hver greinin af annarri þar sem reynt er að sýna fram á að eigin flokkur sé hinn eini sanni pólitíski forystuflokkur verkalýðsstéttarinnar og aðrir ekki. Síðan er öllu tjaldað til svo ásjóna hvors um sig sé sem álitlegust gagnvart kjósendum.

En er málið í raun svo einfalt? Þurfum við virkilega lítið annað að gera en leggjast á eitt um að kjósa annan hvorn þessara flokka og þá stöndum við uppi einhvern daginn í sósíalísku ríki, sem eigendur framleiðslutækjanna. Nei, svo auðvelt er það nú ekki, fyrir hverjum hugsandi manni liggur það ljóst. Enn hefur engum sósíaldemókratískum flokki tekist, hvort sem er innan þinghúsveggja eða annars staðar, að tala svo um fyrir borgarastéttinni að hún fáist til að láta af hendi fríviljuglega atvinnutækin og það vald sem kraftur auðsins veitir henni. Og þó hafa ýmsir sósíaldemókratískir flokkar "náð völdum" eftir þingræðisleiðinni en það breytir engan veginn eðli stéttarlegrar drottnunar borgarastéttarinnar, sem gegnsýrir auðvaldsþjóðfélagið. Auðherrarnir munu aldrei láta atvinnutækin friðsamlega af hendi, það er staðreynd og enginn skyldi láta sig dreyma um annað. En sósíalismi verður aldrei að veruleika fyrr en atvinnutækin eru eign samfélagsins og starfrækt sem slík. Af þessu leiðir að allt tal um friðsamlegar leiðir til sósíalisma, leiðir stéttasamvinnunnar, eru lýðskrum forystumanna Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins. Milli þess annars vegar að stefna til sósíalismans með hvíta stéttasamvinnufánann í hendinni og hins vegar þess að velja leið rauða fánans og stéttabaráttunnar, felst í rauninni sá styrkleikamunur sem hefur úrslitaþýðingu.

Einmitt í þessu atriði skilur á milli Kommúnistaflokksins og þessara krataflokka. Kommúnistaflokkurinn hafnar að sjálfsögðu ekki þingræðisbaráttunni en hann leggur heldur ekki ofuráherslu á hana, heldur leið fjöldabaráttunnar á stéttargrundvelli, því eigi verkalýðurinn að brjótast undan klafa auðvaldsþjóðfélagsins, verður það að vera verk hans sjálfs.

(Í 43. tbl. mun verða grein um AB, í 44. tbl. grein um AF og í 45. grein um KFÍ/ML)

Heimsvaldasinnar reyna að sundra samstöðu araba

Nýlokið er för Sadats til Ísrael. Svo er látið líta út, sem för þessi hafi verið ákveð in mjög óvænt. Enginn skyldi þó ætla að svo mikilvæg pólitísk ákvörðun sé stundarhugdetta. För þessi hefur örugglega verið lengi í undirbúningi og helst að undirlagi USA. Það er með þessa, eins og fleiri stórpólitískar óvinsælar ákvarðanir, að þeim er haldið leyndum fram á síðustu stundu svo andstæðingum hennar gefist síður kostur á að hafa áhrif á gang mála.



Fjölbýlishús í Suður-Beirut eftir loftárásir síonista 1973

Hlutverk Bandaríkjanna kemur skýrt í ljós, enda hafði sendiherra þeirra milligöngu um heimboðið og þegar Sadat hafði fengið heimboðið, ráðgað ist hann við bandaríska sendiherrann. Tilgangur Bandaríkjanna er tvennskonar. Annars vegar hafa þau hagsmuna að gæta bæði í Ísrael og Egyptalandi og vilja því halda friði þeirra á milli. Hins vegar er þeim ljóst að þessi leikur er til þess að treysta útþenslu síonismans, með því að sundra samstöðu araba.


Sadat röflar eitthvað um að hann ætli ekki að semja sérfrið við Ísrael, en augljóst er þó að hann stefnir að því. Sadat krefst í ræðu að Ísraelsmenn skili öllum hernumdu svæðunum, þó takmarkast áhugi hans trúlega fyrst og fremst við egypsk landssvæði. Einnig talar hann um viðurkenningu Ísraels, innan vissra landamæra. Þá er hann óspar á yfirlýsingar um að Egyptar vilji aldrei framar stríð við Ísrael. Svo minnist hann hvergi lengur á stuðning við PLO, heldur þvert á móti. Ísraelsmenn og Egyptar eru nú sammála um að undirbúningi Genfarráðstefnunnar sé nú lokið og ekkert því til fyrirstöðu að hún geti hafist fyrir áramót. Það skilyrði sem Egyptar settu áður, að PLO hefði fulla aðild að ráðstefnunni, hefur nú verið dregið til baka, en í staðin komin krafa um "lausn" (hverra og hvers konar?) á Palestínu-vandamálinu. Og til þess að sýna enn betur fram á, að Egyptar ætli ekki að láta hagsmuni palestínskrar alþýðu sitja í vegi fyrir ætlunum sínum, hafa þeir látið loka skrifstofu Al Fata í Kaíró. Fata eru lang stærstu samtök Palestínumanna

För Sadats til Ísrael og sá tilgangur sem að baki hennar býr, er algjör svik við málstað arabískrar alþýðu og þá sérstaklega við Palestínumenn Egyptaland hefur lengi verið helsta forysturíki araba. Með liðhlaupi sínu vinnur það gegn málstað araba, hvað svo sem kjaftað er um samúð og stuðning. Liðhlaup Egypta getur haft langvinnt stríð og mikið blóðbað í för með sér. Palestínumenn munu aldrei sætta sig við að þjóð sín sé kúguð af síonistum. Þótt Egyptaland, eða einhver önnur arabaríki semji við Ísrael, þá heldur palestínska þjóðin áfram að vera til og berjast til þrautar fyrir rétti sínum. Síonistar hafa í áróðri sínum marg endurtekið að palestínska þjóðin sé ekki til. En hvað sem við

FRAMHALD Á SÍÐU 3.

Stéttabaráttan

Áskrifta og söluherferðin gengur með ágætum, en henni á að ljúka um áramótin. Þrátt fyrir að nýir áskrifendur telji aðeins 67 er það ekki allur sannleikur í málinu. Tæplega 100 manns eru reynsluáskrifendur fram til áramóta og mun þá koma í ljós hve stór hluti þeirra mun gerast fastir áskrifendur.
Unnið er skipulega að því að bæta tækjakost blaðsins fyrir áramót og verður þá útlit og stæð blaðsins þá allt með betri hætti en verið hefur.
Aukin útbreiðsla-Bættur fjárhagur-Tíðari útgáfa.



Hamarinn sýnir aukningu lausasölunnar frá upphafi herferðarinnr, 1 september s.l. Sigðin telur aukningu áskrifenda á sama tímabili.

Nýjar áskriftir skal póstsenda til: Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15, Pósthólf 1357. S: 27810.